



Reykjanesbær 14. feb. 2024

Um Listahátíð barna

Við rekjum gjarnan upphafið að Listahátíð barna í Reykjanesbæ til þess að einn leikskóli hér í bæ hélt litla listahátíð með nemendum sínum og foreldrum árið 2006. Segja má að sú litla hátíð hafi orðið kveikjan að því að halda sérstaka listahátíð barna með þátttöku fleiri leikskóla í bænum. Sú varð raunin og smátt og smátt hefur hún vafið upp á sig og síðustu ár hafa tekið þátt í hátíðinni allir leikskólar bæjarins, grunnskólarnir og listnámsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hátíðin er haldin á tveggja til þriggja vikna tímabili, í byrjun maí. Listasafn Reykjanesbæjar hefur yfirumsjón með hátíðinni og vinnur hana í samstarfi við menntasvið og allar þær stofnanir sem að henni koma. Því mætti halda fram að listahátíðin komi beint eða óbeint við flestar barnafjölskyldur í bæjarfélaginu.

Leikskólarnir og Fjölbrautaskóli Suðurnesja munu halda áfram þátttöku í hátíðinni með sama sniði og áður en fyrirhugað er að gera breytingar á fyrirkomulagi verkefnavinnslu í grunnskólum bæjarins. Í samtali listasafnsins og skólastjórnenda varð niðurstaðan sú að það væri verkefninu til hagsbóta að gera vinnuna markvissari og koma betur á mótis við kennara og nemendur skólanna með tilraun til breytts fyrirkomulags. Hugmyndin er að á svipaðan hátt og Stóra upplestrarkeppnin sé eyrnamerkt 7. bekk þá verði þetta verkefni eyrnamerkt 5. bekk og þá um leið tryggt að öll grunnskólabörn verði á einhverjum tímamarki í sinni skólagöngu þátttakendur í verkefninu. Í raun hefur það ekki verið þannig þar sem það hefur verið í höndum list- og verkgreinakennara hvaða verk eru sýnd hverju sinni og því gætu fyrir tilviljun einhverjir árgangar orðið útundan. Umsjónarkennarar 5. bekkja verða þannig ábyrgir fyrir verkefninu í stað list- og verkgreinakennara líkt og verið hefur.

Þetta verkefni sem lagt er upp með í ár hefur hlotið stóran styrk frá Barnamenningarsjóði. Öllum sjö skólum Reykjanesbæjar er úthlutað einum myndlistarmanni. Þeir eiga það allir sameiginlegt að vera ungir, upprennandi og listaháskólagengnir og hafa flestir sýnt sína myndlist í galleríum eða söfnum. Flestir hafa einnig kennt myndlist af einhverjum toga.

Markmiðið er að gefa nemendum tækifæri til að vinna með starfandi myndlistarmönnum og að skapa myndverk eins og þau eru unnin af atvinnufólki fyrir sýningar. Framkvæmdin verður sú að myndlistarmennirnir og nemendurnir vinni verkið saman á þremur mismunandi tímamarkum í skólanum með umsjónarkennara allt fram að uppsetningardeg. Þannig er verkefnið hugsað sem viðbót og á að gefa nemendum færi á að kynnast því hvernig myndlist er ástunduð eða æfð.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

1. Í öllum grunnskólunum tekur 5. bekkur þátt í ákveðnu þematengdu verkefni sem unnið er sérstaklega fyrir Listahátíð barna.
2. Listasafn Reykjanesbæjar ræður 7 listamenn sem skipt verður á milli þeirra 7 skóla sem í Reykjanesbæ eru.

Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700

reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni



3. Listamaður heimsækir 5. bekk þrisvar eftir áramót 2023/24 í skólana og er líka með í fjórða skipti við innsetningu myndverkanna hjá Listasafni Reykjaneshæjar eða fjögur skipti samtals.
4. Listamenn taka þátt í að setja upp sýninguna Listahátíð barna, með safninu, börnunum og umsjónarkennara en hingað til hafa börnin sjálf ekki komið að uppsetningu verkanna.

Markmið verkefnisins er að kynna myndlist enn frekar fyrir öllum börnum í Reykjaneshæjar með því að:

1. Nemendur fá dýpri skilning og þekkingu á listsköpun og kynnast fjölbreyttum aðferðum lista. Einnig fá nemendur tækifæri til að kynnast listamönnum, taka frá þeim innblástur og vinna með þeim að verkefnum, sem þau taka þátt í að setja upp á Listahátíð barna.
2. Börnunum sé gefið rými til að skapa og upplifa listir í víðara samhengi.
3. Börn kynnast fjölbreyttum aðferðum lista við skapandi vinnu.
4. Nýta Listasafn Reykjaneshæjar sem rými þar sem börn geta skapað, notið, sýnt og túlkað.
5. Að jafna aðgengi allra barna í Reykjaneshæ að myndlistarsköpun. Reykjaneshæ er vaxandi samfélag, þar sem ólíkir hópar fólks búa, en bæjarbúar eiga það sameiginlegt að eiga samtímalistasafn á staðnum. Slíkt safn verður að nota til jöfnunar og til að efla börn í Reykjaneshæ, þannig að mælanlegur árangur náist í menningarlegu tilliti.
6. Ímynd Reykjaneshæjar þróast þannig að bærin sé raunverulega í krafti fjölbreytileikans.

Móttökur skólanna við breyttu fyrirkomulagi hefur verið mjög jákvætt og góður skilningur á ástæðu breytinganna. Við fögnum því innilega að hafa fengið styrk úr barnamenningarsjóði til þess að upphæfja hátíðina og veita börnum enn meiri skilning og þátttöku í list og listsköpun.

Þórdís Ósk Helgadóttir

Sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs

Helga Þórsdóttir

Safnstjóri listasafn Reykjaneshæjar.